

Bækur og efni um Bítlanna.

Texti: KRF, nema þar sem annað er tilgreint.
Flestar ljósmyndanna sem birtast eru ekki eign höfundar.



Höfundur 29 september 2015 með dós af Ensku gæðasælgæti sem vinsælt er á meðal ungra manna og hinna sem eldri eru. Sérstaklega gilti þetta á þeim árum þegar sælgæti þetta var ófáanlegt á Íslandi nema hjá fólki sem var í siglingum og kom með þessi gæði með sér heim. Helst voru það togarasjómenn og fragtskipafólk sem bar þetta til landsins og upp var slegin veisla með Mackintosh dós í forgrunni.

Hvort Quality Street taldist til Bítlasælgætis í landi Bítlanna

Bretlandi þekkir höfundur ekki en veit að til er nokkuð á Íslandi sem kallast "Bítlasósa" og talin henta vel með allskonar mat. En hollustan. Já. Tölum ekki um hana. Sumir kalla "Bítlasósuna" reyndar "Kransæðakítta."

Árið 2000 voru komnar út yfir 400 bækur um Bítlanna og sama ár (2000) kom út enn ein bókin um þá félagana sem hafði það fram yfir allar hinar útgáfurnar að allir fjórir gáfu umsögn í hana sem við það varð betri heimild og útskrir Bítlasöguna betur. Bókin heitir "The Beatles - Anthology" og er eftir því sem höfundur best veit ekki til á íslensku.



7 október 2000 segir í Morgunblaðinu: "Nú þegar hefur ein og hálf milljón pantana verið afgreidd og er búist við því að bókin muni seljast í metupplagi. Í Bretlandi og Japan opnuðu bókabúðir á miðnætti aðfararnótt fimmtudagsins (5 október 2000. Innskot höfundar) og höfðu þá þegar myndast langar biðraðir fólks sem farið var á banka

ópreyjufullt á dyrnar." - Hverjar endanlegar sölutölur eru er ekki ljóst þó sjá megi að efnið vekir athygli þó talsvert sé um liðið frá því að The Beatles yfirgáfu sviðið.

Við sjáum að bækurnar um þá félagu eru orðnar allmargar og talvert fleiri en manni sjálfum grunaði. Að margar bækur hafi verið ritaðar um efnið þarf ekki að koma að neinum á óvart sé horft til alls fjöldans sem aðhylltist The Beatles sem menn vita að skiptu hundruðum milljóna vítt breitt um heiminn. Saga Bítlanna á sér engan hliðstæðu hvað varðar fjölda sem tók beinan þátt. Hafi verið til breiðfylking á þessari jörð manna og kvenna sem aðhylltust sama kom sú hún fram á sjöunda áratug seinustu aldar tengd The Beatles. Ekki spurning og skírur auðvitað nokkuð allan bókafjöldann sem til er um sama efni sem útgefendur sjá sér akk í að gefa út. Hver einstaklingur hefur sín sérkenni og sér hlutina eigin augum og metur sjálfstætt.


Tónleikar Bítlanna.

Toppurinn hjá aðdáendum The Beatles var að komast á hjómleika með þeim. Það þótti sinn heiður og fólkið sem talið var meira öðru fólk og á sinn hátt litið upp til. Segjum það. Sá og sú sem hljómleika sótti fékk vissa rós í hnappagatið, hjá alltént sjálfri sér, þó eflaust hafi ekkert af þessu fólki heyrt tón sem einstaklingarnir framkölluðu á sviði. Gerðu meðlimir bandsins sér það enda ljóst fljótlega á ferlinum að fólkið væri ekki komið til að hlusta á Bítlanna heldur til að sjá Bítlanna. Bítlaæðið er algerlega einstætt. Bendið á annað áþekkt dæmi? Sá sem eldri var hristi endalaust höfuðið og botnaði hvorki upp né niður í einu né neinu sem ungvíðið hreifst af. Ráðsetti maðurinn með allt sitt "á hreinu" varð sumpart undir. Eins og stundum gerist þegar nýtt kemur upp og maður sjálfur sér ekki þetta nýja og hleypur ekki með. Og þarf þess heldur ekki. Engin er skyldugur til að hlaupa með tíðarandanum nema vilja það sjálf/ur. Svo að það komi skírt fram.

Mynd til hægri. Bítlamir leika fyrir gesti í Hamborg árið 1961 og Ringo Starr ekki enn gengin til liðs við sveitina og Peter Best enn á trommunum.

Margir urðu smá skúffaðir er Peter Best var tekin úr Bítluum og Ringo ráðin í staðin. Var ýmsum kennt um, eins og Sir George Martin, hinum knáa upptökumanni, sem það um að annar trommuleikari en Peter léki á trommurnar í teim af fyrstu lögum Bítlanna. Lögnum "Love Me Do" og "P.S. I Love You"- og voru söngvar sem á sínum tíma voru gefnir út á smáskífu. Sir George sagði sjálfur um beiðni sína að slíkt hafi fráleitt verið óalgengt í upptökum þess tíma. Og inn gengur Ringo Starr.

Svona bara gerist og mannskipti verða hver sem ástæða þeirra er. Það sérstaka atriði varðar engum um og þeir sem að standa með gildar ástæður til verksins, hvað sem okkur á eftir kann að finnast um.




Og úr því að tónleikarnir skiluðu ekki tóni til áheyrenda að þá voru hljómplötur The Beatles heima látnar duga.

Komið hefur fram, og líka vitað, að á tónleikum The Beatles hafi ekki nokkur manneskja heyrt bofs af því sem fram fór á sviðinu og öllum í sal staðið á sama. Eina fólkið sem mislíkaði var hjómsveitin sjálf sem komin var til að spila músík en gat ekki vegna ólgu. Vart er til sá

tónlistarmaður sem ekki vill sjá viðbrögð gesta en þurfa þess í stað að horfa upp á visst stríðsástand sem engin vissi hvernig endaði og eina sem róaði menn sem að stóðu var þessi mikla og örugga gæsla vaskra manna staðsettum hist og her innanum áhorfendur. Svona voru tónleikar með hljómsveit sem eitt sinn var starfandi og heimur allur veit að heitir The Beatles. Aftur sér höfundur ástæðu til að rita orðið "Einstakt." Enda vel viðeigandi orð er kemur að umfjöllun um þetta tiltekna mál.

Höfundur þekkir íslenska sjómenn frá þeim tíma er Bítlarnir spiluðu enn á knæpum í Hamborg fyrir 1960 og hljómsveitin ennþá bara ein af þeim sem þar voru starfræktar og hægt að heyra í, droppuðu menn inn á hina og þessa knæpuna í borginni, líkt og oft var og gert er stund gefist milli stríða. Engin þessara manna sem sagt var neitt sérstaklega að eltast við þá heldur voru bara á gangi og settust við borð knæpu sem komu í ljós að The Beatles sæju um tónlistina. Atriðið rifjaðist upp fyrir sumum af þessum mönnum eftir að hasarinn var hafinn og The Beatles komnir í fararbrodd bylgju sem mörgum var orðið ljóst að væri risin.



Myndin er af Langá sem var skip í eigu Hafskipa og tekin 1965. Þó að hún væri ekki eitt íslensku skipanna sem sigldu til Hamborgar frá Íslandi á meðan The Beatles voru þar kom hún margoft þangað síðar og ljóst að skipið fór margar ferðir þangað með varning til og gerði í mörg herrans ár. Glæsilegt skip.

Þessir ágætu íslensku sjómenn voru sammála um eitt sem einkenndi tiltekið band, að því er virðist umfram aðrar hljómsveitir sem störfuðu þar á

þessum árum. En það var þessi ofboðslegi hávaði sem fylgdi þeim að ekki var við það komandi að ræða saman við borðið á neinn eðlilegan máta heldur með mesta raddstyrk. Sumir þessara manna voru árum saman í siglingum frá Íslandi til Evrópu og komu reglulega til Hamborgar á meðan The Beatles enn voru þar og mögulega hlustuðu á þá spila og syngja yfir einu öglasi sem þeir luku við í rólegheitum og drifu sig svo aftur um borð í skip sitt.

Nokkrum árum síðar kom að heimfrægð The Beatles sem Lennon sagði um: "Fyrst þetta,"- og átti við knæpunar með örfáum hræðum sitjandi við borð: "Og svo þetta"- og benti á breiður fólks sem fylltu stærstu leikvanga og aðeins örfáar mánuðir þarna á milli. Mikið stökk það og breytingarnar snöggar og gerðust hvort sem menn væru undir þær búnir eða ekki. Já. Stundum er um ekkert spurt.

En þarna varð sem sagt sú breyting á kringum þessa hljómsveit, að í stað þess að fáeinir menn, rallhálfir kannski, sætu við borð yfir öglasi í skítugri krá í Hamborg og heyrðu ekki

mannsins mál inni fyrir hávaða frá sviðinu að að því kom að engin heyrði neitt nema öskrin frá öllum þessum stóra hóp mannbarka sem gólaði og gargaði af öllum lífs og sálar kröftum og eins og engin væri morgundagurinn. Breytti engu þó að hver magnari á sviðinu og hvar sem slíka var að finna væru stilltir á hæsta styrk að þá yfirtók gólið allt svæðið. Segið svo að bara hátt stilltir magnarar framkalli einir hávaða. Margt annað gerir það líka. Hvað með hávaðan sem slagurinn við sig sjálfan býr til? Sett inn til gamans og er um leið svolítið skemmtileg samlíking.

Nóg um það.

Reikna má með að sumir sem voru á hljómlaikum The Beatles væru hásir eftir öll hrópin og ekki búnir að fá röddina aftur fyrr en að nokkrum dögum liðnum. Eru enda ekki allir sem mættu á svoleiðis vel æft söngfólk sem hefur lært að beita rödd sinni rétt. Manneskja sem er bara venjuleg, allir eru svo sem venjulegir, en kannski ekki er kemur að söng, þar skilur oft á milli, notar ákveðinn raddstyrk er hún talar. Líklegt er að þetta venjulega fólk hugleiði lítt og ekkert hæsið sem getur gert vart sig og komið eftir af ofnotkuninni né heldur hugi að því að þjálfra rödd sína og læra um raddbeitingu eins og söngvarinn þarf til hlífðar og varnar röddinni eins og söngvarinn þarf að gera. Enda oft hans atvinna að syngja. Flestir söngvarar fá því einhverja leiðsögn þarna sem eykur þeim skilning á mikilvægi góðrar raddheilsu.

Eftir ærlega Bítlatónleika innanum þúsundir sína líka var gott ráð, og hæsin hreinlega að drepa mann, að leggjast yfir Bítlaplöturnar og hlusta á alla smellina sem til voru og halda sig þar uns röddin var aftur kominn á sinn stað. Heyrnin var enn nokkuð óbiluð og því engin fyrirstaða að ylja sér við þann hitapúða sem innihald hljómplöturnar voru á meðan hæsið var hlutskipti manneskjunnar. Og svo líka kom þetta allt saman.

Með öðrum orðum að þá voru fæstir áheyrenda á pöllum með góða þjálfun raddarinnar og því má gera ráð fyrir að margir af þeim hafi glímt við hæsi daganna á eftir tilfinningaþrungna Bítlatónleika þar sem allt fór af stað sem gerði Bítlatónleika að því sem þeir eru í sögunni. Þetta, og auðvitað margt fleira, má sjá á myndböndunum sem gefin hafa verið út með hljómsveitinni frá þeim tíma sem enn var mögulegt fyrir The Beatles að vera með hljómlaika sem þeir sjálfir vildu halda áfram að bjóða upp á en aðstæður orðnar með þeim hætti að gera prógrammið útilokað. Má því segja að öllu tónleikahaldi Bítlanna væri sjálfhætt, vegna þá ytri aðstæðna. Þetta er ekki erfitt að viðurkenna sé allur þessi atgangur í kringum þetta skoðaður og mesta mildi og blessun að slys hafi ekki orðið. En þau voru fátíð og mesta lagi mar og rispur sem einnig er merkilegt að hugleiða miðað við öll lætin og troðninginn. Sjálfur telur höfundur að akkúrat þetta sé helsta ástæða þess að tónleikahald The Beatles var slegið af og þessum dyrum Bítlasögunnar lokað. Einnig er mögulegt að áþekk beiðni hafi borist hljómsveitinni og umboðsmanni hennar frá lögregluþyrfdum sem báru talsverðan þunga af þessu og er líka staðreynd og sitt þakkarefni. Að vísu hefur höfundur ekkert fyrir sér í þessu. En heilbrigð skynsemi talar til hans með þessum hætti og vísar hans á að stundum þurfi að stoppa ýmislegt. Bara öryggisins vegna.

Hvað um það að þá lauk öllu tónleika haldi þessarar fyrirferðamiklu hljómsveitar hvort sem þeim og öðrum væri ljúft eða leitt. Yfirlýsing þess efnis barst frá annaðhvort John eða Paul árið 1966 og þess getið um leið að þeir eftirleiðis mundu snúa sér að hljómplötuupptökum og útgáfu hljómplatna, eins og verið hafði frá árinu 1963.

Nokkrar Bítlaplötur urðu til eftir þetta og sú sem talin er þeirra best kom út árið eftir að yfirlýsingin var gefin. Og vita menn við hvaða hljómplötu er átt.



Mynd. Tveggja laga hljómplatan gekk samhliða stóru LP hljómplötunni og gjarnan gefin út samhliða stóru plötunni. Þessi plata sýnir okkur B hlið. Á hlið er lagið frábæra frá árinu 1967 "All You Need Is Love".

Förum aftur á áheyrendapallanna þar sem The Beatles voru með tónleika. En þeir voru allmargir vítt og breytt í löndunum þannig að sjá má að her manna og kvenna litu þessa kappa eigin augum þó sviðið stæði í talsverðri fjarlægð líkt og er þegar svona atburðir fara fram á stórum knattleikvangi sem ekki eru byggðir undir hljómleika heldur aðra starfsemi. Og tóngæðin maður minn? Þau geta ekki hafa verið sérlega góð á velli sem allt hljóð fór um litla hátalara hangandi með jöfnu millibili um allt áhorfendasvæðið til að kynna næsta leikmann og ágætir sem slíkir en ótækir til hljómleikahalds. Voru Bítlatónleikar sumpart brautryðjendastarf sem gríðarlegur fjöldi mætti á og var svona fréttin í þann tíð. Þó tónleikar frægra hljómsveita séu með því fjölmennasta sem gert er í dag og hið venjulega þar nú um stundir. En fátítt í þann tíð.

Í dag eru hljómgæðin á tónleikum slík að fátt toppar þau. En hver hugsaði um hljóm þegar tilgangurinn var að sjá en ekki svo mikið að heyra og aðalatriðið eitt að ná sér í aðgöngumiða og komast inn? Og hve margir skildu þeir og þær hafa verið sem fóru svekktir og spældir frá og meira að segja "Svarti Markaðurinn" sem vappaði þarna inn á milli fólksins þar sem verið var að hleypa fólki með aðgöngumiða inn, einnig horfinn á braut eftir hafa selt alla sína svartamarkaðs aðgöngumiða og fólkið sem eftir stóð allar bjargir bannaðar? Hugsið ykkur sorgina sem þarna stóð ráðvillt og svekkt og magnast upp eftir að atgangurinn inni var byrjaður sem ekki heldur gat hafa farið framhjá neinum sem enn beið í von um að glufa opnaðist.

Mynd tekin á áhorfendapöllum Shea Stadium leikvangsins og The Beatles á sviðinu. Dagurinn er 15 ágúst 1965.

Sjá má hvernig bekkurinn er skipaður áhugasömum ungmennum sem mörg hver misstu röddina eftir leikin og þurftu nokkra daga til að endurheimta.

Fólkið í efstu sætunum sáu meðlimi Bítlanna tilsýndar en ekki í mikilli nálægð nema máski stúlkan fremst á myndinni sem beitir fyrir sig sjónauka og líklega nokkrir slíkir á staðnum uppeftir öllu.

Höfundur er ekki kunnugt um hvort tónleikarnir sem fram fóru á Shea Stadium leikvanginum 15 ágúst 1965 séu þeirra frægustu tónleikar.

Shea Stadium völlumurinn er staðsettur í New York í Bandaríkjunum og byggður 1964 og ekki nema um árgamall er Bítlunum var boðin afnot af honum fyrir tónleikahaldið og gestafjöldinn 50,000 manneskjur. Þessir tónleikar hafa samt lifað nokkuð hressilega með



Bítlakynslóðinni og eru líklega þeirra frægustu, giskar höfundur á. Fjarlægðin var nokkur þó hana mætti minnka með því að bregða sjónauka upp að augunum sem gera má ráð fyrir að einhverjir hafi gert og tekið með sér að heiman eða leigt sér á staðnum. Höfundi skilst að hægt sé að leigja sér sjónauka á svona völlum gegn þá ákveðinni þóknun.

Á þessum leikvangi má sjá að áhorfendur trompast af æsingi og hvernig áhorfendapallar allir iða enda á milli. Tilfinningarnar koma vel fram og bara gerðust þó engin bæði um neitt slíkt. Sumt með öðrum orðum tekur völdin og ekki ræðst við eitt né neitt. Hlýtur að hafa verið á köflum ógnvænlegt.

Frábærir Bítlasöngvarnir misstu allir marks af því einu að á þá var ekki hlustað heldur múgæsingurinn látin gilda í Bítlatónleikum. Söngvarnir biðu annars tækifæris og þegar aftur tók að hægjast um og liðið komið heim til mömmu og pabba og gat sett Bítla hljómplötu á fóninn. Að vissu leiti var þetta ekki gott af þeirri ástæðu að The Beatles voru frábærir á tónleikum. Um það sagði Sir Paul McCartney sjálfur að gæði laga þeirra á tónleikum væru svipaðar og á hljómplötunum vegna þess hve Bítlarnir væru samstilltir. Enda búnir að spila allengi saman er frægðin knúði þar dyra og þekkjast sumir af þeim frá barnsaldri.

The Beatles-Anthology.

Í upphafi var þess getið að árið 2000 hafi verið búið að skrifa um 400 bækur um Bítlanna og málin rædd í þessum bókum á mis ábyrgan máta, eins og gengur. Sjálfsagt hefur meðlimum sveitarinnar margoft verið eignuð orð og athafnir í öllum þessum grúa samantekta sem þeir aldrei hvorki sögðu né gerðu.

Mann eftir samtali sem átt var við Ringo

Starr sem sagði að þó eitthvað hafi staðið í einhverri bók um það sem hann átti að hafa sagt og eða gert sé það ekki endilega sannleikur málsins. Og kom svo með sína hlið, sem auðvitað var þá hin rétta í málinu. Gefur auga leið. Höfundur reyndar mann ekki efnið, enda aukaatriði, en setur þetta hér fram til að benda á að menn geta ekki haft nema takmarkaðar upplýsingar um sumt sem tengist öðru fólki nema það sjálft bara segi frá atburðum og geri skírt og skorinort, sjái það sjálft ástæðu til slíkra verka og er mat hvers og eins hverju sinni.



31 mars 2003 kom út fimm dvd diska myndefni með sögu Bítlanna. Efni þetta var áður gefið út á átta vídeóspólum á árunum 1995- 1996 og sýnd á Stöð2 haustið 1995. Dvd efnið hafði þó einn disk auka með efni sem vídeóspólurnar höfðu ekki og var, að talið var, sinn fengur fyrir áhugsama Bítlavini. Og eins og alltaf áður þegar Bítlarnir eiga í hlut var byrjað á að kynna þessa útgáfu mánuðum á undan sjálfri útgáfunni, svona til að vekja mönnum eftirvæntingu. Sem líka tókst. Það skal hér viðurkennt og sagt að manni var farið að hlakka til að heyra og sjá hvað um væri að ræða og verslaði sér meira að segja áskrift að þessari ágætu sjónvarpsstöð Stöð2 til þriggja mánaða bara til að fá horft á þessa áhugaverðu þætti. Og varð heldur ekki fyrir neinum vonbrigðum. Undir þessa yfirlýsingu taka margir sem upplifðu sama og ég haustið 1995.

Líkt og margoft hefur komið fram að þá er Bítlasagan engin venjulega saga og tengist ekki bara þessum fjórum Bresku einstaklingum. Af og frá er að afgreiða málið með þeim hætti. Sjónvarpsefni þetta var góður úrdráttur af þessum átta vídeóspólum sem komu út eftir að sjónvarpið lauk sýningu þakkans. Vídeóspólurnar komu allar út 1996 og í dvd- formi 2003, eins og áður segir. Hvort íslenskur texti sé á mynddiskunum kann höfundur ekki að segja frá og hefur heldur ekki kynnt sér málið neitt sérstaklega vel en gerði nokkrum sinnum á meðan Vídeóið eitt réð ríkjum og komst að raun um að svo var ekki. Ekki þó af áhugaleysi þeirra sem fluttu inn efni þetta heldur kostnaðinum við framkvæmdina. Enda nokkur.

Að vera með vandað og vel unnið fræðsluefni ótextað rýrir öll gæði slíks efnis. Saga Bítlanna er beintengt stórum hópi fólks sem enn lifir og upplifði á eigin skinni allt heila klabbíð. Og ekki eru allir Íslendingar með Enskuna á hreinu. Hvort Bragabót hafi verið gerð á þessu og að íslenskur texti sé kominn á Anthology safn The Beatles veit höfundur ekki. En gaman væri það væri svo. Og ekki eru heldur allir Íslendingar með Enskuna á hreinu.

Er farið var af stað með The Beatles -Anthology verkefnið var það í grunninn hugsað til að segja allt um Bítlanna og klára málið með stórum punkti á eftir. Þetta minnir mig, kom frá Sir Paul McCartney er verkefnið var komið á lokastig og um það bil að fara í dreifingu. Á annan veg fór og óx áhuginn á þessu tímabili um allan helming eftir útgáfuna er umræðan komst á nýtt flug og nýjan stað. Af auðvitað öllum þessum spánýju upplýsingum sem Anthology-safnið opinberaði gömlum og nýjum Bítlaaðdáendum sem stórhreifnir fengu nýjan flöt á sumt sem þeir og þær máski lengi höfðu velt fyrir sér en fengu nú svarið beint í æð. Margt var þarna sem alltént höfundur hafði ekki grænan grun um og fannst merkilegt.

Bítlarnir lifa með fólkinu og langt í að sú umræða öll stöðvist og þagni. Til þess er vettvangurinn of stórt og fyrirferðarmikið í lífi allra þessara hundruð milljónir manna og kvenna sem enn minnast margs góðs frá þessum tíma og gera með jafnvel tárbotum augum eins og sjá má á ekki mjög gömlum tónleikum sem Sir Paul McCartney hélt í einhverju landi og söng fyrir salinn frábæra lagið sitt "All My Loving" og mynd er til af af fullorðnum karlmanni sem þurrkar tárin úr augunum af minningum sem söngurinn vakti honum. Kannski um fyrstu ástina sína. Hver veit?

Og enn er höggið í sama knérunn. 2 nóvember 2015 kemur út enn ein bókin um Bítlanna sem heitir " Bítlarnir telja í " (sjá mynd). Bókin er eftir Mark Lewisohn sem ku hafa fengið óheftan aðgang að öllu efni The Beatles til að vinna með fyrir bókina. Bókin "Bítlarnir telja í " er um 900



blaðsíðna skrudda sem líklega á að segja allt sem eftir er að fjalla um af sögu The Beatles en er samt líklegri til að vera olía á eld umræðunnar sem þegar er í gangi og vekja mönnum fleiri spurningar af öllu þessu nýja efni sem þar mun birtast og opinberast. Og samkvæmt vitund höfundar er von á tveim bindum til viðbótar frá sama höfundi. Það hins vegar mun tíminn leiða í ljós. En samt! - Skemmtilegt.



Myndirnar sem hér birtast eru allar af meðlimum The Beatles eftir að samstarfi þeirra lauk 1970 og teknar 1975, eða á því róli. Þarna eru þeir allir komnir til nýrra starfa á sviði tónlistar og getið sér gott orð á þeim velli hver fyrir sig.

Mynd til vinstri: Ringo Starr ber þarna bumbur í Vínarborg, en í tónlistarborginni varð uppi fótur og fit í fyrra, (1974) þegar hann gaf trommusólóplötu sinni nafnið: „Góða nótt, Vín!“ - Goodnight Vienna - sem er hans fjórða hljómplata á sólóferlinum. Hljómplötu þessa hefur höfundur haldið upp á.

Mynd í miðju efri: George Harrison er enn að syngja. Þessi mynd var tekin af honum á hljómleikum í Los Angeles, en annars er hann miklu hrifnari af upptökusölum, þar sem hann getur einbeitt sér að músíkinni og þarf ekki að hugsa um áheyrendur.

Mynd í miðju neðri: Paul McCartney hlustar á hljómplötuupptöku í upptökusal í London. Bassaleikari bítlanna er hvað starfsamastur þeirra félaga nú. Hér er hann með hljómsveit sína Wings sem varð gríðarlega vinsæl og átti mörg frábær lög.

Mynd til hægri: John Lennon dvelst nú að eigin sögn öllum stundum í Central Park í New York, en hann gerðist bandarískur þegn fyrir nokkrum árum.

Gert til gaman og vonandi líka smá fróðleiks.
Kveðja: KRF